



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Inniklæðningar

INNK2HH05

Námáætlun – vor 2023

Kennari/ar: Óskar G. Jónsson

Skammstöfun: ÓGJ

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðr hengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrymi. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranveggi og hljóðeinangrun húsa. Við förum einnig yfir frágang á timburútveggjum að utanverðu, hvernig við göngum frá vindvörn og möguleikum á mismunandi aðferðum við vindvörn og hvað við þurfum að varast. Kennslan er að mestu bókleg og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja í votrymum
- Þekki til mismunandi kefisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúnað

Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrít, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. Legg til að nemendur eignist bókina „Gifsplötur uppsetning veggja“.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinnu og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 4	5. til 28 janúar	Upphaf kynning. Lagt af stað með efni tengt inniklæðningum.	Sjá námsmat hér fyrir neðan.
5 – 8	30. janúar til 25. feb.	Gifsklæðningar - blikkstoðir og fylgihlutir Gifsplötur uppsetning veggja	ATH. bók -
9 - 12	27. feb. Til 24. mars	Einangrun	
13 - 17	27. mars til 28 apríl	Gólfefni	
18 -	01. maí til 5. maí		

Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þátttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um hverju sinni og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína á námsefninu.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tímum.

Fyrirkomulag námsmats:

Pátttaka í tímum, rökræða	15 %	Allt tímabilið
Verkefni 1	10%	verkefni koma stöðugt inn
Verkefni 2	15%	tengjast því sem við erum
Verkefni 3	15 %	að fara yfir hverju sinni
Verkefni 4	15 %	Stundum teikningar
Verkefni 5	15 %	Stundum tillaga að útfærslu
Verkefni 6	15 %	rökræða út í gegn

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.